

56

10. apríl

2. gr.
 Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-
 rétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um
 mannanöfn.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

57

10. apríl

L Ö G

um prentrétt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Rit samkvæmt lögum þessum telst hvert það rit, sem prentað er eða letrað á
 annan vélrænan eða efnafræðilegan hátt. Til rita teljast og uppdrettir, teikningar
 og myndir, þótt ekki sé á letrað mál, svo og nótur, ef letrað mál fylgir.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka einungis til rits, sem gefið hefur verið út. Rit telst
 vera gefið út hér á landi, þegar það hefur verið afhent til sölu eða dreifingar á
 annan hátt.

3. gr.

Útgefandi rits, sem prentað er hér á landi, skal nafngreina sig á hverju ein-
 taki þess.

Ef útgefandi ræður ritstjóra, einn eða fleiri, að riti, skal hver þeirra einnig
 nafngreina sig á ritinu.

Nú er nafngreining samkvæmt 1. eða 2. málgr. vanrækt eða rangt frá skýrt, og
 varðar það sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

II. KAFLI

Prentarar og prentsmiðjur.

4. gr.

Hverjum þeim, er starfrækir prentsmiðju hér á landi eða starfsstöð, þar sem
 rit eru letruð með öðrum þeim hætti, er getur í 1. gr. laga þessara, er skylt, í síð-
 asta lagi tveim vikum áður en nokkurt rit er látið af hendi úr prentsmiðjunni, að
 tilkynna lögreglustjóra í umdæminu starfrækslu prentsmiðjunnar, nafn sitt eða firma

svo og nákvæmt heimilisfang. Á sama hátt skal tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, 57 ef breyting verður á nafni, firma eða heimilisfangi.

10. apríl

5. gr.

Sá, sem annast prentun eða letrun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma, prentstaðar og prentárs.

Ákvæði 1. málsg. tekur ekki til þeirra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, sem getur í 7. gr. laganna.

6. gr.

Samtímis því, sem rit, sex arkir að stærð eða minna, er gefið út, er þeim, sem annast prentun þess eða letrun, skylt að afhenda lögreglustjóra í umdæminu eitt eintak ritsins. Ef lögreglustjóra þykir ástæða til, getur hann þó krafizt afhendingar á eintaki stærra rits.

Eintak þetta skal vera óskert og að öðru leyti í sömu mynd og eintök þau, sem ætluð eru til sölu eða dreifingar.

Ákvæði 1. málsg. tekur ekki til eintaka þeirra, er getur í 7. gr., eða tilkynninga frá opinberum stjórnvöldum.

7. gr.

Sérákvæði 2. málsg. 5. gr. og 3. málsg. 6. gr. taka til póstkorta og mynda, nafn- og þakkarspjalda, boðskorta, vörumiða, eyðublaða og annarra slíkra eintaka, þótt prentuð séu eða letruð, er ætla má, að geti ekki falið í sér ólögmett efni.

8. gr.

Nú er tilkynning samkvæmt 4. gr. vanrækt eða rangt frá skýrt, vanrækt að greina atriði þau, er í 5. gr. getur, eða rangt frá skýrt, eða brotið gegn ákvæðum 6. gr., og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ef nafngreining samkvæmt 5. gr. skortir eða rangt er frá skýrt og ekki verður leitt í ljós, hver hefur prentað eða letrað ritið, ber útgefandi rits refsíabýrgð samkvæmt 1. málsg.

III. KAFLI

Útgáfa blaða og tímarita.

9. gr.

Blöð og tímarit teljast samkvæmt lögum þessum rit, sem eiga að koma út með sama heiti ekki sjaldnar en tvisvar á ári, svo og fregnmiðar þeirra og fylgirit.

10. gr.

Útgefandi blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða íslenzkur ópersónulegur aðili.

Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða.

Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skal ráðinn ritstjóri, er fullnægi skilyrðum 2. málsg.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

IV. KAFLI Dreifing rita.

11. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja er rétt sjálfum eða með aðstoð annarra að annast sölu eða dreifingu rits með öðrum hætti.

12. gr.

Sá, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, sem skortir nafngreiningu samkvæmt 3. gr. eða 5. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum, skal sæta sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

V. KAFLI Ábyrgð á efni rita.

13. gr.

Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsí- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.

14. gr.

Nú er um að tefla blað eða tímarit, sem að meginefni fjallar um afbrot eða lostugt efni, eða efni slíks rits er með þeim hætti, að varðar við 86.—89. gr., 1. málsg. 90. gr., 1.—3. málsg. 91. gr., 93. gr., 98.—100. gr. og 102. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, eða brotið er af ásetningi gegn 92. gr. sömu laga, og gilda þá ákvæði 13. gr. einnig um ábyrgð á efni þeirra rita.

15. gr.

Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.

16. gr.

Nú gefa fleiri en einn út blað eða tímarit í sameiningu eða fleiri en einn eru ritstjórar að riti og annar eða einn þeirra greinir sig ábyrgðarmann að ritinu eða tilteknum köflum þess, og bera þá aðrir útgefanda eða ritstjóra ekki ábyrgð á því efni ritsins framur en leiðir af ákvæðum 17. gr.

17. gr.

Nú er ritstjóri, sem ekki er jafnframt útgefandi blaðs eða tímarits, dæmdur til greiðslu sektar, fébóta, málskostnaðar eða til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms vegna efnis í ritinu, og má þá samkvæmt ákvæðum dómsins innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá útgefanda eða útgefendum ritsins.

Ef einn útgefandi blaðs eða tímarits er dæmdur til greiðslu sektar, fébóta eða annars þess kostnaðar, er getur í 1. málsg., má með sama hætti innheimta greiðslur þessar eða eftirstöðvar þeirra með fjárnámi hjá öðrum útgefanda eða útgefendum ritsins.

VI. KAFLI

Leiðréttingarskylda útgefanda (ritstjóra).

57

10. apríl

18. gr.

Útgefanda (ritstjóra) blaðs eða tímarits er skylt að birta í ritinu endurgjalds-
laust leiðréttingu við frásögn eða tilkynningu um málshöfðun út af frásögn, sem
birzt hefur í ritinu, ef sá krefst þess, sem hlotið getur verulegt fjártjón eða miska
af frásögninni óbreyttri.

Krefjast skal birtingar á leiðréttingu eða tilkynningu svo fljótt sem unnt er og
í síðasta lagi innan mánaðar frá birtingu frásagnarinnar. Í leiðréttingu eða til-
kynningu skal aðeins greina frá staðreyndum, og hún má ekki fela neitt í sér, er
varði lög.

19. gr.

Nú telur útgefandi (ritstjóri), að efni leiðréttingar eða tilkynningar sé ekki í
samræmi við ákvæði 2. málsg. 18. gr. eða hann vill ekki birta leiðréttinguna eða
tilkynninguna, eins og hún er samin, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það
þeim, sem krafizt hefur birtingar. Brot á tilkynningarskyldu varðar sektum.

20. gr.

Nú vill aðili ekki una synjun útgefanda (ritstjóra) samkvæmt 19. gr., og getur
hann þá borið ágreininginn undir héraðsdómara, sem getur skyldað útgefanda (rit-
stjóra), að viðlögðum dagsektum, sem renni til þess, er krefst birtingar, að birta
leiðréttinguna eða tilkynninguna í lögmatu formi í fyrsta tölublaði, er út kemur
eftir birtingu dóms, eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

Málum þessum skal hraða, svo sem kostur er. Úrskurð héraðsdómara má kæra
til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

21. gr.

Leiðréttingu eða tilkynningu samkvæmt 18. gr. skal birta í fyrsta tölublaði rits,
er út kemur, eftir að birtingar er krafizt, eða í síðasta lagi í öðru tölublaði, ef um
dagblað er að tefla, nema aðilja hafi áður verið tilkynnt, að krafa hans verði ekki
tekin til greina.

Leiðréttingu eða tilkynningu skal prenta með sama letri og meginmál ritsins
og á þeim stað í ritinu, að eftir henni verði tekið.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. málsg. varða sektum.

22. gr.

Nú er höfundi eða útgefanda (ritstjóra) dæmd refsing, ummæli ómerkt eða
fébætur dæmdar vegna efnis í blaði eða tímariti, og má þá ákveða í dómi, eftir
kröfu þess, sem misgert er við, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í ritinu.

Útgefanda (ritstjóra) er skylt að birta framangreindan hluta dóms eftir kröfu
dómhafa í fyrsta tölublaði, sem út kemur, eftir að dómur er birtur, og í síðasta
lagi í öðru tölublaði, ef um dagblað er að tefla.

Birta skal dómshlutann án endurgjalds og prenta hann með sama letri og
meginmál ritsins og á þeim stað í ritinu, að eftir verði tekið.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum.

VII. KAFLI

Rit, sem prentuð eru erlendis.

23. gr.

Nú er rit, sem prentað er erlendis, flutt til landsins, og getur þá lögreglustjóri í umdæmi því, sem ritið er fyrst flutt í, krafizt afhendingar á einu eintaki þess með þeim hætti, er getur í 6. gr.

Skylda til afhendingar rits samkvæmt 1. málsg. hvílir á þeim, sem afhendir það til sölu eða dreifingar hér á landi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

24. gr.

Ákvæði 13. gr. gilda um ábyrgð á efni allra rita, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi.

25. gr.

Um rit, sem prentuð eru erlendis og gefin út hér á landi, gilda að öðru leyti ákvæði 1. gr., 7. gr. og 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

26. gr.

Dómsmálaráðherra getur fengið lagt lögbann við sölu eða dreifingu hérlendis á riti, sem prentað er erlendis, ef talið er, að efni þess varði við lög. Lögbann verður lagt á hjá þeim, sem hefur ritið til sölu eða dreifingar. Nú er eigi vitað, hver sá er, og má þá leggja lögbannið á hjá hverjum þeim, er hefur ritið í vörslum sínum. Um framkvæmd lögbanns þessa fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 18/1949, um kyrrsetningu og lögbann.

27. gr.

Nú skal gert upptækt rit, sem flutt hefur verið til landsins, og má þá ákveða í dómi, að ritið skuli sent úr landi innan tiltekens frests, að viðlagðri upptöku, ef ákvörðun þessari verður ekki sinnt.

VIII. KAFLI

Ákvæði um upptöku, málsmeðferð og gildistöku laganna.

28. gr.

Nú er rit gert upptækt samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga, og skal þá með fara, eins og hér segir:

Ef upptaka byggist eingöngu á tilteknum hluta rits, skal greina hann í dómi, og ber þá, eftir því sem unnt er og á kostnað dómþola, að greina hina hlutana frá og skila þeim aftur.

Upptaka getur einnig tekið til prentstafa þeirra, mynda og annars, sem notað hefur verið til að framkvæma prentunina eða letrunina.

29. gr.

Nú hefur rit verið gert upptækt með dómi, hald lagt á það samkvæmt VI. kafla laga nr. 27/1951 eða sala þess og dreifing verið bönnuð hér á landi, og ber lögreglustjóra þá tafarlaust að láta birta dóminn eða ákvörðunina í Lögbirtinga-
blaðinu. Ef upptaka, hald eða lögbann er fellt úr gildi, ber að birta þá ákvörðun með sama hætti.

30. gr.

57

Sala eða önnur dreifing prentaðs rits er bönnuð, þegar birting um ákvörðun samkvæmt 29. gr. hefur farið fram eða þegar aðilja er fyrir kunnugt um upptöku, hald eða lögban.

10. apríl

Brot gegn ákvæðum 1. málsgr. varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

31. gr.

Mál út af öðrum brotum á lögum þessum en því, er getur í 20. gr., sæta meðferð opinberra mála.

Mál út af broti á 19. gr., 21. gr. og 22. gr. skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Aðiljar þeir, er reka starfsstöð samkvæmt 4. gr., þegar lög þessi öðlast gildi, skulu senda lögreglustjóra tilkynningu þá, er í greininni getur, innan eins mánaðar frá gildistöku laganna.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 1., 3. og 4. málsgr. 3. gr., 4. gr., 11. gr. og 13.—16. gr. tilskipunar 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi, ákvæði laga nr. 105 17. desember 1954, um breytingu á tilskipun þessari, svo og önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

FORSETA BRÉF

58

27. marz

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 24. júní 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur í dag borið upp fyrir mér tillögu um að Alþingi verði rofið og að almennar kosningar til Alþingis verði látnar fara fram sunnudaginn 24. júní 1956.

Ég hef fallizt á tillöguna og mæli svo fyrir, að Alþingi skuli rofið frá og með 24. júní 1956. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 24. júní 1956.

Gjört í Reykjavík, 27. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.